

10. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Fimmtudaginn 28. desember 2017 var haldinn tíundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

1. Staðfesting erinda sem unnin voru milli funda

a. Staðfesting dómararéttinda

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir og Lilja Dóra Halldórsdóttir í sýningadómaranefnd mæla með því að stjórn HRFÍ viðurkenni Herdís Hallmarsdóttur sem sýningadómarara í bearded collie (FCI markmið nr. 271) og shetland sheepdog (FCI markmið nr. 88) og er það samþykkt. Herdís tók ekki sæti í ákvörðunni enda vanhæf samkvæmt 1. tl. 2. gr. hæfisreglna félagsins.

b. Fundur með Dr. Preben Willeberg

Herdís upplýsir um fund sem hún átti með Dr. Preben Willeberg þann 13. desember s.l. en hann vinnur að nýju áhættumati fyrir innflutning hunda og katta til Íslands. Á fundinum með Willeberg fór Herdís yfir þau bréfaskrif og fundi sem fulltrúar HRFÍ hafa átt við ráðuneytið og Mast og þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við framkvæmd og niðurstöðu þess áhættumats sem unnið var 2002 og lengd einangrunar byggðu á því. Eins fór Herdís yfir reglur annarra landa, eins og Bretlands, Ástralíu og Nýja Sjálands og þróun þeirra reglna. Hún lagði áherslu á nauðsyn þess að meðalhófs yrði gætt og að skoðaðir yrðu aðrir möguleikar en einangrun.

2. Gjaldskrá 2018

a. Tillaga sýninganefndar um hækkun sýningagjalda

Nauðsynlegt er að hækka skráningargjöld á hundasýningar félagsins, m.a. svo léttu megi á sjálfboðaliðum á sýningum og til þess það sé mögulegt þarf að kaupa aukna þjónustu. Þetta þýðir þó ekki að vinna deilda við sýningar falli niður þótt hún minnki eitthvað að svo komnu. Tillaga sýninganefndar um hækkun sýningagjalda um 14,75% er samþykkt.

Umræður um fyrirkomulag afsláttar á skráningum og ákveðið samkvæmt tillögu sýninganefndar að hafa fyrirkomulagið óbreytt, þ.e. helmingsafsláttur af skráningu þriðja hunds.

Möguleg hækkun sýningagjalda hafði áður verið rædd á fulltrúaráðsfundi þar sem fulltrúar sýndu skilning á nauðsyn hækkunar.

Áfram verður reynt að finna út úr húsnæðismálum og finna hentugra húsnæði fyrir hundasýningar félagsins þar sem hægt væri að hagræða meira, eins og t.d. að nota tepparenninga í stað teppis yfir allan gólflöt eins og nauðsynlegt er í reiðhöllinni. Ekki er hægt að halda hundasýningu í íþróttahúsi nema til komi undanþága frá reglugerð um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrði fyrir íþróttamannvirki.

b. Aðrar tillögur á breytingu gjaldskrár

Stjórn þótti eðlilegt í ljósi hækkunar sýningagjalda að hækka einnig skráningargjöld á veiði- og vinnupróf um sama hlutfall, rúnað af. Flest slík próf eru haldin af deildum félagsins.

3. Sýninganefnd

Samþykkt að skipa Margréti Guðrúnu Bergsveinsdóttur í sýninganefnd félagsins en Þórdís Björg Björgvinsdóttir mun á sama tíma taka hlé á störfum fyrir nefndina.

Fundi slitið 19:50